

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Lagadeild HR

Grunnnám - BA

Kennsluskrá 2007-2008

Háskólinn í Reykjavík
Ofanleiti 2
103 Reykjavík

Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Sími: 599 6200
Símbref: 599 6201

Netfang: ru@ru.is
Veffang: www.hr.is

Umbrot og prentun Leturprent
Reykjavík, febrúar 2007

EFNISYFIRLIT

Kennarar og aðrir starfsmenn lagadeildar	7
Stefna og markmið lagadeildar	9
Námsleiðir	9
Priggja ára grunnnám (90 einingar)	9
Tveggja ára meistaranám (60 einingar).	10
Áherslusvið	10
Inntökuskilyrði í meistaranámið	10
Rannsóknastofnanir á vegum lagadeildar HR	10
Evrópuréttarstofnun HR	10
Miðstöð Evrópuupplýsinga	11
Fjármálaréttarstofnun HR	11
Auðlindaréttarstofnun HR.	11
Nefndir og ráð	11
Grunnnám 90 einingar/180 ECTS, 3 ár	14
Grunnám (90 einingar, 3 ár).	16
Fyrsta námsár	16
L-101-ADFE Aðferðafræði.	16
L-102-STJO Stjórnskipunaréttur	17
L-103-KROF Kröfuréttur	18
L-104-BOKG Bókhald og greining ársreikninga	19
L-201-SAMN Samningaréttur	20
L-202-FELA Félagaréttur	21
L-203-EIGN Eignaréttur	22
X-204-STOF Nýsköpun og stofnun fyrirtækja	23
L-301-RETT Réttarfar.	24
L-302-SKAD Skaðabótaréttur	25
L-303-SAMK Samkeppnisréttur.	26
L-304-HOFU Hugverkaréttur	27
Annað námsár	28
L-401-STJR Stjórnsýsluréttur	28
L-402-REFS Refsiréttur	29
L-403-EVRO Evrópuréttur	30
L-404-RAUN Raunhæft verkefni	31
Þriðja námsár	32
L-501-VERD Verðbréfamarkaðsréttur	32
L-502-SKAT Skattaréttur	32
L-503-THJO Þjóðaréttur	33
L-504-FJOL Fjölskyldu- og erfðaréttur	34
Þriðja námsár	35
L-601-ENSL Enskt lagamál	35

L-604-FULL Fullnusturéttafar	36
L-605-OPIN Opinbert réttafar	37
L-606-KAUP Kauparéttur	38
L-607-FELR Fjármagnsfélög- hlutafélagaréttur	39
L-608-UPPL Upplýsingatækniréttur	40
L-610-VINN Vinnuréttur	41
L-612-FREN Lagafranska	42
L-611 BARIT BA-ritgerð	42
Reglur um prófgögn í lagadeild	43
Framvindureglur í lagadeild	44
Almennt um framvindu náms í BA-námi	44
Hámarksfjöldi eininga sem nemandi getur tekið	44
Endurinnritun	44
Hlutanám	44
Námshlé	44
Undanþágur	45
Reglur um mat á fyrra námi vegna grunnnáms (BA) í lagadeild	46
Forsetalisti	47

KENNARAR OG AÐRIR STARFSMENN LAGAEILDAR

Forseti

Pórður S. Gunnarsson 599-6241 thordur@ru.is

Skrifstofustjóri

Jóna K. Kristinsdóttir 599-6407 jonak@ru.is

Verkefnastjóri

Jóhanna Ólafsdóttir 599-6267 johanna@ru.is

Lektorar, dósentar og prófessorar

Aðalsteinn E. Jónasson LL.M., lektor 599-6200 adalsteinn@ru.is

Áslaug Björgvinsdóttir LL.M., dósent 599-6402 ab@ru.is

Davíð Þór Björgvinsson, LL.M., prófessor davidthor@ru.is

Dr. juris Guðmundur Sigurðsson prófessor 599-6405 guðmundur@ru.is

Dr. juris Guðrún Gauksdóttir LL.M., dósent 599-6298 gudrungauks@ru.is

Margrét Vala Kristjánsdóttir LL.M., MPA, lektor 599-6223 margretvala@ru.is

Dr. Oddný Mjöll Arnardóttir prófessor 599-6403 oddny@ru.is

Dr. Ragnhildur Helgadóttir prófessor 599-6282 ragnhildurh@ru.is

Rán Tryggvadóttir M.Phil., dósent 599-6408 ran@ru.is

Sutton, Alastair BA, ML, prófessor sutton@ru.is

Þórdís Ingadóttir LL.M., dósent 599-6290 thi@ru.is

Sérfræðingar

Sigurður T. Magnússon cand. jur. 599-6279 sigurdurtm@ru.is

Svala Ólafsdóttir cand. jur. 599-6266 svala@ru.is

Aðjúnktar

Andri Árnason hrl. 588-4400 andria@ru.is

Birgir Már Ragnarsson LL.M., hdl. 590-2600 birgirmr@ru.is

Dögg Pálsdóttir MPH, hrl. 561-7755 dogg@ru.is

Erlendína Kristjánsdóttir M.Paed., BA 599-6251 erlendina@ru.is

Guðrún Björg Birgisdóttir LL.M., hdl. 563-8000 gudrunb@ru.is

Guðrún Björk Bjarnadóttir LL.M. 563-8000 gudrunbjork@ru.is

Gunnar Gunnarsson LL.M., hdl. 545-6000 ggunnarsson@ru.is

Gunnar Þór Pétursson LL.M., hdl. 550-3300 gunnarthor@ru.is

Heiðrún Jónsdóttir hdl.

Heimir Örn Herbertsson hrl. 590-2600 heimiro@ru.is

Helga Melkorka Óttarsdóttir LL.M., hdl. 540-0300 helgamo@ru.is

Herdís Hallmarsdóttir hdl. 534-2600 herdis@fides.is

Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari 510-3030 jonsteinar@ru.is

Jónas Þór Guðmundsson hdl. 555-1500 jonastg@ru.is

Kristinn Freyr Kristinsson cand. oecon. 545-6000 kristinn.f.kristinsson@is.pwc.com

Dr. Matthías G. Pálsson 545-9900 matthias@ru.is

Ólafur Arinbjörn Sigurðsson hdl. 540-0300 oas@ru.is

Peter Christian Dyrberg ML peterd@ru.is

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari 535-0700 thorgeiri@ru.is

Stundakennarar

Aðalsteinn Leifsson MSc., MBA	599-6430	al@ru.is
Arnar Þór Jónsson LL.M., hdl.	540-0300	arnar.thor.jonsson@isb.is
Árni Páll Árnason hdl.	552-3680	arnipall@ru.is
Ásdís Magnúsdóttir LL.M		asdismag@ru.is
Björn L. Bergsson hrl.	511-1190	bjornb@ru.is
Einar Baldvin Axelsson LL.M. hrl.	540-0300	einarbaldvin@ru.is
Einar Páll Tamimi LL.M.	440-4585	einar.tamimi@glitnir.is
Elín Jónsdóttir cand. jur.		elinj@ru.is
Elín Björg Smáradóttir cand. jur.		elins@ru.is
Erlendur Gíslason hrl.	540-0300	erlendur@logos.is
Feldís Lilja Óskarsdóttir cand. jur.	569-2400	feldis@ru.is
Fríðrik Pétursson cand. jur.	510-1500	fridrikp@ru.is
Dr. Gísli H. Guðjónsson prófessor		ghg@ru.is
Guðrún Sesselja Arnardóttir hdl.	511-1190	gudruna@ru.is
Halldór Þorsteinn Birgisson hrl.	562-3939	halldorbirgis@ru.is
Halldóra Jónsdóttir, cand.phil, BA		halldoraj@ru.is
Hallgrímur Ásgeirsson MSc.		hallgrimura@ru.is
Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari efnahagsbrota	530-1600	helgimg@ru.is
Hildur Sólveig Pétursdóttir hdl.	414-3200	hildursp@ru.is
Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.		hrafnhildurs@ru.is
Dr. James H. Mathis		mathis@ru.is
Jesper Svenningsen ML		svenningsen@ru.is
Jóhanna Helga Halldórsdóttir LL.M.	510-1500	johannah@ru.is
Jóhannes Bjarni Björnsson hdl.	562-1018	johannesbb@ru.is
Jóhannes R. Jóhannsson hrl.	588-4400	johannesj@ru.is
Jóhannes Sigurðsson LL.M., hrl.		johannes@milestone.is
Jón Vilberg Guðjónsson LL.M., hdl.	545-9500	jong@ru.is
Dr. Jón Friðrik Sigurðsson forstöðusálfræðingur	543-1000	jonf@ru.is
Jón H. Snorrason aðstoðarlögreglustjóri hbs	570-2500	jonhs@ru.is
Jónas Jóhannsson héraðsdómari	560-4900	jonasj@ru.is
Jónas Fr. Jónsson LL.M., MBA		jonas@ru.is
Kristrún Heimisdóttir cand. jur.	590-2600	kristrun@si.is
Martin Eyjólfsson cand. jur.	545-9930	martin@ru.is
Othar Örn Petersen MA., hrl.	540-0300	otharorn@logos.is
Ólafur F. Haraldsson hrl.	590-2600	olafur@ru.is
Ólafur Örn Svansson hdl.		olafuorn@ru.is
Páll Á. Daviðsson LL.M.		davidsson1@un.org
Páll Þórhallsson DEA.	545-8400	pallt@ru.is
Dr. Poul Runge Nielsen		nielsen@ru.is
Ragna Árnadóttir LL.M.	545-9000	ragna.arnadottir@dkm.stjr.is
Ragnar Þórður Jónasson LL.M., hdl	534-2600	ragnar@fides.is
Sigríður Auður Arnardóttir cand. jur	545-8600	saa@ru.is
Sigurjón Ingvason cand. jur.	510-1503	sigurjoni@ru.is
Stefán Árni Auðólfsson LL.M.		stefanami@ru.is
Stefán A. Svansson hdl	588-4400	stefanas@ru.is
Steinn Jóhannsson MA.	599-6291	steinn@ru.is
Steinunn Hólm Guðbjartsdóttir hrl.	533-1330	steinunng@ru.is
Tómas Eiríksson hdl.	590-2600	tomas@ru.is
Tómas Njáll Möller cand. jur.	410-4040	tomasn@ru.is
Ursula Wynhoven, B.Ec, B.LL.B, B.Litt, LL.M.,		ursula@ru.is
Valgerður Dís Valdímarsdóttir hdl.	533-1330	valgerdurv@ru.is
Þóra Hallgrímsdóttir cand. jur.	440-2000	thh@ru.is

Stefna og markmið lagadeildar

Nám við lagadeild HR er metnaðarfullt nám og gerðar eru miklar kröfur til stúdenta og kennara. Lögð er áhersla á að efla frumkvæði stúdenta og sjálfstæð vinnubrögð og þjálfá þá í framsögn og kynningu. Kennsla fer að hluta fram í fyrirlestrum en einnig í formi vinnu- og umræðufunda. Gerð er krafa til þess að stúdentar taki virkan þátt í umræðum. Markmið deildarinnar er að útskrifa framúrskarandi lögfræðinga sem skipi sér í fremstu röð, hver á sínu sviði.

Við lagadeild HR er sérstök áhersla lögð á:

- hefðbundnar „kjarnagreinar“ lögfræðinnar og að auki er lögð mikil áhersla á hinar „nýju kjarnagreinar“, s.s. félagarétt, skattarétt, samkeppnisrétt, fjármálarétt, hugverkarétt, Evrópurétt og þjóðarétt
- alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs og aukna þátttöku íslenskra lögfræðinga í þeirri þróun.
- notkun rafrænna miðla í námi og starfi lögfræðinga
- að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð
- raunhæf verkefni sem tengja lögfræðinámið þeim veruleika sem laganema bíður að námi loknu.

Námsleiðir

- BA í lögfræði, 3ja ára nám (90 ein./180 ECTS.)
- Meistarapróf – ML í lögfræði, tveggja ára nám (60 ein./120 ECTS.)

Þriggja ára grunnám (90 einingar)

Innan grunnnámsins eru kenndar allar megingreinar lögfræðinnar, auk námskeiða í bókhaldi og greiningu ársreikninga og nýsköpunarfræðum.

- Á vorönn á 1. ári taka laganemar þátt í nýsköpunarnámskeiðinu „Nýsköpun og stofnun fyrirtækja“. Námskeiðið er jafnframt skyldunámskeið í viðskiptadeild og tækni- og verkfræðideild. Markmið námskeiðsins er að nemendur læri að stofna fyrirtæki á grundvelli viðskiptahugmynda og viðskiptaáætlana sem þeir hafa sjálfir tekið þátt í að þróa. Námskeiðið er mjög gagnlegt fyrir verðandi lögfræðinga og opnar þeim raunhæfa sýn inn í heim fjármála og viðskipta.
- Á vorönn á 2. ári er námskeið sem leiðir nemendur í gegnum gerð flókinna viðskiptasamninga og málarekstur. Námskeiðið byggir á úrlausn raunhæfra verkefna og tvinnar saman nokkrar af megingreinum lögfræðinnar.
- Á vorönn á 3. ári gefa valnámskeið innan lagadeildar nemendum kost á aukinni sérhæfingu innan lögfræðinnar. Enn fremur gefst þeim kostur á að velja námskeið á öðrum sviðum innan annarra háskóladeilda hér á landi eða erlendis.

Tveggja ára meistaranám (60 einingar)

Skipulag námsins einkennist af miklu persónulegu vali um áherslur og námsleiðir og gefur m.a. möguleika á sérhæfingu innan lögfræðinnar og samþættingu við aðrar háskólagreinar en lögfræði. Námið byggir að verulegu leyti á sjálfstæðri vinnu nemenda undir handleiðslu færustu kennara, með mikilli áherslu á rannsóknir og verk-efnavinnu.

Áherslusvið

Fjöldi námskeiða er í boði innan meistaranámsins en sérstök áhersla er lögð á að bjóða námskeið og málstofur á eftirfarandi sviðum:

- a) alþjóðalaga og alþjóðaviðskipta.
- b) dómstóla og málflutnings.
- c) fjármunaréttar.

Mögulegt er að ljúka meistaranámi af alþjóðasviði.

Inntökuskilyrði í meistaranámið:

- ✓ BA-próf eða önnur sambærileg háskólagráða í lögfræði.
- ✓ BA-próf eða önnur sambærileg háskólagráða (t.d. BS eða B.Ed) í annarri námsgrein en lögfræði.

Þeir sem ljúka meistaranámi við deildina að undangengnu grunnnámi í lögfræði og a.m.k. 120 einingum í lögfræðigreinum teljast hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði og uppfylla því almenn menntunarskilyrði til að gegna störfum dómara og málflytjenda.

Sjá sérprentaða kennsluskrá fyrir meistaranám en auk þess eru allar upplýsingar á heimasíðu lagadeildar.

Rannsóknastofnanir á vegum lagadeildar HR

Við lagadeild HR eru starfræktar þrjár rannsóknarstofnanir og Miðstöð Evrópuupplýsinga. Nemendum gefst kostur á að starfa við þessar stofnanir, m.a. í tengslum við rannsóknarverkefni kennara og eigin rannsóknarverkefni.

Evrópuréttarstofnun HR

Evrópuréttarstofnun HR (EHR) var stofnuð haustið 2002. Markmið EHR er að auka rannsóknir á sviði Evrópuréttar hér á landi og stuðla að faglegri umræðu um stöðu Íslands í samfélagi Evrópuþjóða. Meginhlutverk stofnunarinnar er að efla tengsl rannsókna og kennslu á sviði Evrópuréttar og Evrópumála, einkum með þátttöku nemenda í rannsóknavinnu við stofnunina. EHR veitir því nemendum í framhaldsnámi faglegan stuðning og aðstöðu til eigin rannsókna.

Miðstöð Evrópuupplýsinga

Miðstöð Evrópuupplýsinga tók til starfa í Háskólanum í Reykjavík í ágúst 2003 á grundvelli samnings lagadeildar HR og Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þetta er ein af 500 upplýsingamiðstöðvum sinnar tegundar í Evrópu og sú eina á Íslandi. Hlutverk miðstöðvarinnar er að styðja við og efla háskólanám, kennslu og rannsóknir sem tengjast málefnum Evrópu, auk þess að vera upphafspunktur upplýsingaleitar um Evrópusambandið en í miðstöðinni er m.a. að finna opinberar útgáfur og gögn stofnana Evrópusambandsins.

Fjármálaréttarstofnun HR

Markmið Fjármálaréttarstofnunar er að vera vettvangur rannsókna og umræðu á sviði löggjafar um slíka þjónustu, í því skyni að efla þekkingu og áhuga á sviðinu og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Hlutverk stofnunarinnar er að efla rannsóknir og kennslu í fjármálaþjónusturétti, auka samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaraðila, gefa út og kynna niðurstöður rannsókna og annars fræðsluefnis auk þess að veita fræðslu og ráðgjöf um fjármálaþjónustulöggjöf.

Auðlindaréttarstofnun HR

Auðlindaréttarstofnun var stofnuð haustið 2003. Stofnuninni er ætlað að vera vettvangur fyrir fræðilegar rannsóknir á réttarreglum sem varða hagnýtingu og vernd náttúruauðlinda, vera miðstöð þekkingar og fræðslu um auðlindarétt og veita þjónustu og ráðgjöf um lagaleg atriði á því sviði.

Nemendum í meistaranámi gefst kostur á að starfa við umræddar stofnanir í tengslum við meistaraverkefni.

Nefndir og ráð

Kennsluþróunarráð:

Rán Tryggvadóttir formaður
Margrét Vala Kristjánsdóttir
Steinn Jóhannsson

Hlutverk Kennsluþróunarráðs er stuðla að þróun og uppbyggingu kennsluhátta innan lagadeildar Háskólans í Reykjavík.

Helstu verkefni Kennsluþróunarráðs er að setja fram tillögur um:

1. Viðmiðanir um skipulag námskeiða við deildina
2. Viðmiðanir um góða kennsluhætti
3. Endurmenntun og þjálfun kennara í kennslufræðum
4. Viðmiðanir um námsefni
5. Viðmiðanir um námsmat

Stefna lagadeildar HR í kennslumálum og viðmið um kennsluhætti er birt á heimasíðu deildarinnar.

Námsþróunarráð:

Pórdís Ingadóttir formaður
Guðmundur Sigurðsson
Sigurður Tómas Magnússon

Hlutverk Námsþróunarráðs er stuðla að þróun og uppbyggingu náms innan lagadeildar Háskólans í Reykjavík.

Helstu verkefni Námsþróunarráðs eru eftirfarandi:

- a. Að vinna að uppbyggingu og þróun grunn- og framhaldsnáms við deildina
- b. Að vinna að uppbyggingu og þróun nýrra námsbrauta og/eða námsleiða við deildina
- c. Endurskoða reglulega framgangs- og prófareglur deildarinnar
- d. Vinna að þróun kennslumats.

Í tengslum við meistaranámið fer Námsþróunarráð með eftirfarandi verkefni, sbr. 4. gr. reglna um meistaranámið:

- a. Gerir tillögur um framboð á kjörgreinum og málstofum.
- b. Annast samningsgerð við stofnanir og fyrirtæki um starfsnám.
- c. Tekur á móti og fjallar um umsóknir um meistaranám
- d. Fjallar um umsóknir um mat á námi frá öðrum háskólum
- e. Semur nánari reglur sem varða framkvæmd námsins, svo sem um frágang ritgerða o.fl.
- f. Annast framkvæmd meistaranámsins, m.a. með tillögugerð til deildarforseta um ráðningu
- g. Gerir aðrar tillögur og tekur aðrar ákvarðanir sem nauðsynlegar eru og sem mælt er fyrir um í reglum um meistaranámið.

Rannsóknarráð:

Oddný Mjöll Arnardóttir formaður
Guðrún Gauksdóttir

Hlutverk rannsóknarráðs er að stuðla að og efla rannsóknir innan lagadeildar Háskólans í Reykjavík í innlendu og alþjóðlegu samhengi.

Helstu verkefni rannsóknarráðs eru:

- a. Að vinna að stefnumótun rannsókna innan deildarinnar. Stefnumótun skal unnin í samráði við starfandi kennara deildarinnar og eftir atvikum aðra starfsmenn. Stefna skal mótuð til tveggja ára í senn. Stefnan skal lögð fram og kynnt af rann-

sóknarráði fyrir deildarfundi einu sinni á ári en á þeim fundi skal jafnframt farið yfir árangur síðastliðins árs.

- b. Koma á og viðhalda rannsóknarsamstarfi við innlenda og erlenda aðila, í samráði við kennara á tilteknum fræðasviðum
- c. Próa matskerfi til magngreiningar og sjálfsmats á rannsóknarstarfi innan deildarinnar.
- d. Móta stefnu varðandi rannsóknarsamstarf milli kennara og nemenda.
- e. Að fylgjast með framvindu og stöðu rannsóknarverkefna innan deildarinnar.
- f. Aðstoða við skipulagningu náms- og ráðstefna á vegum lagadeildar.

Rannsóknarstefna lagadeildar 2006-2008 er birt á heimasíðu deildarinnar.

Námsmatsnefnd:

Hlutverk námsmatsnefndar er að afgreiða beiðnir um mat á námi/námskeiðum úr öðrum skólum.

Nefndina skipa:

Guðrún Gauksdóttir
Þórður S. Gunnarsson

Grunnnám 90 einingar/180 ECTS, 3 ár

1. ár 1. önn

<ul style="list-style-type: none">• Aðferðafræði (4 ein./8 ECTS)	<ul style="list-style-type: none">• Bókhald og greining ársreikninga (3 ein./6 ECTS)
<ul style="list-style-type: none">• Stjórnskipunarréttur (4 ein./8 ECTS)	<ul style="list-style-type: none">• Kröfuréttur (4 ein./8 ECTS)

2. önn

<ul style="list-style-type: none">• Samningaréttur (4 ein./8 ECTS)	<ul style="list-style-type: none">• Félagaréttur (4 ein./8 ECTS)
<ul style="list-style-type: none">• Eignarréttur (4 ein./8 ECTS)	<ul style="list-style-type: none">• Nýsköpun og stofnun fyrirtækja (3 ein./6 ECTS)

2. ár 3. önn

<ul style="list-style-type: none">• Réttarfar (5 ein./10 ECTS)	<ul style="list-style-type: none">• Skaðabótaréttur (4 ein./8 ECTS)
<ul style="list-style-type: none">• Samkeppnisréttur (3 ein./6 ECTS)	<ul style="list-style-type: none">• Hugverkaréttur (3 ein./6 ECTS)

4. önn

<ul style="list-style-type: none">• Stjórnsýsluréttur (4 ein./8 ECTS)	<ul style="list-style-type: none">• Refsiréttur (4 ein./8 ECTS)
<ul style="list-style-type: none">• Evrópuréttur (4 ein./8 ECTS)	<ul style="list-style-type: none">• Raunhæft verkefni (3 ein./6 ECTS)

3. ár 5. önn

<ul style="list-style-type: none">• Verðbréfamarkaðsréttur (5 ein./10 ECTS)	<ul style="list-style-type: none">• Skattaréttur (4 ein./8 ECTS)
<ul style="list-style-type: none">• Þjóðaréttur (3 ein./6 ECTS)	<ul style="list-style-type: none">• Fjölskyldu- og erfðaréttur (3 ein./6 ECTS)

6. önn

Á lokaönn í grunnnámi gefst nemendum kostur á að velja fimm valgreinar í lögfræði. Eftirtaldar valgreinar eru í boði, 3 einingar hver /6 ECTS:

Enskt lagamál
Fjármagnsfélög – hlutafélagaréttur
Fullnusturéttur
Kauparéttur
Lagafranska
Opinbert réttarfar
Upplýsingatækniréttur
Vinnuréttur

BA-ritgerð getur komið í stað tveggja valgreina, 6 ein./12 ECTS.

Nemendum er heimilt að fengnu samþykki LD að velja námsgreinar innan annarra deilda HR eða innan annarra háskóla, innlendra og erlendra, í stað einnar eða fleiri ofangreindra valgreina.

Grunnám (90 einingar, 3 ár)

Fyrsta námsár

Námskeið á haustönn

L-101-ADFE Aðferðafræði

4 ein./8 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Haustönn 2007

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: Námskeiðið skiptist í A- og B-hluta. A-hluti: Réttarheimildafræði og lögskýringar. Fjórir fyrirlestrar í viku auk umræðu- og verkefnatíma frá 7. viku.-B-hluti: Lögfræðiupplýsingar á rafrænum miðlum og heimildavinna í lögfræði. Verkefna- og umræðutímar.

Kennarar:

A-hluti: Andri Árnason. Stefán A. Svansson.

B-hluti: Guðrún Tryggvadóttir. Steinn Jóhannsson. Þóra Gylfadóttir.

Námsmarkmið:

A-hluti:

Að nemendur standi skil á:

- megineinkennum íslenska réttarkerfisins
- einstökum tegundum réttarheimilda, vægi þeirra og samspili
- markmiðum lögskýringa
- þeim gögnum, aðferðum og sjónarmiðum sem beitt er við skýringu settra laga.

B-hluti:

Að nemendur:

- þekki helstu lögfræðiupplýsingar á rafrænu formi
- geti aflað sér lögfræðiupplýsinga í rafrænum miðlum með markvissum hætti
- temji sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð við öflun og meðferð lögfræðiupplýsinga
- þekki undirstöðuatriði ritgerðasmíða og heimildavinnu í lögfræði

Lýsing: A-hluti: Fjallað verður ítarlega um réttarheimildir og lögskýringar og beitingu þeirra við úrlausn lögfræðilegra viðfangsefna. Veruleg áhersla er lögð á að nemendur öðlist skilning á eðli og þýðingu einstakra réttarheimilda, samspili þeirra og vægi þegar leitast er við að komast að lögfræðilegum niðurstöðum í einstökum álítamálum. Að sama skapi er lögð áhersla á að nemendur öðlist skilning á viðurkenndum aðferðum við skýringu settra laga. Í kennslu verður stuðst við dóma og raunhæf verkefni til skýringar á einstökum atriðum og áhersla lögð á að þjálfa með nemendum sjálfstæð og gagnrýnin vinnubrögð. A-hluta námskeiðsins er ætlað að leggja grunn að frekara námi og rannsóknum á sviði lögfræði.

B-hluti: Fjallað verður um notkun rafræna upplýsingamiðla í lögfræði. Sérstaklega verður fjallað um íslenskar lögfræðiupplýsingar á rafrænu formi. Áhersla verður lögð á vef Alþingis, en einnig fjallað um aðra lykilupplýsingavefi í lögfræði. Til hliðsjónar verður kynnt hvernig leitað er að lagagögnum í prentuðum útgáfum Alþingis- og Stjórnartíðinda. Nemendur kynnast vefbókasafni HR og læra að leita að bókum og greinum um lögfræðileg efni í bókasafnskerfinu Gegni. Fjallað verður um rafræna útgáfu danskra laga- og dómasafnsins Karnov og Ugeskrift for retsvæsen, og nemendum kennt að leita í þeim. Að lokum verður farið í grundvallaratriði þess að setja saman ritgerð og vinna með heimildir í lögfræði. B-hluta námskeiðsins er ætlað að leggja hagnýtan grunn að náminu

Lesefni: Lögskýringar. Davíð Þór Björgvinsson.

Um lög og lögfræði: Grundvöllur laga-réttarheimildir. Sigurður Líndal.

Um fordæmi og valdmörk dómstóla. Jón Steinar Gunnlaugsson.

Kennsluyfirlit í réttarheimildarfræðum og lögskýringum. Andri Árnason.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefna- og umræðutímar.

Námsmat: A-hluti: Verkefni (ritgerð) 30%, skriflegt miðannarpróf 20% og munnlegt lokapróf 50%. Nemendur þurfa að ná lágmarkseinkunn 6 að meðaltali úr verkefni (ritgerð) og skriflegu miðannarprófi til að heimilt sé að gangast undir munnlegt lokapróf. Einkunnin 6 er jafnframt lágmarkseinkunn í munnlegu lokaprófi. Sjá ennfræmur reglur deildarinnar um lágmarkseinkunn.

B-hluti: Viðveruskylda. Meðal skilyrða fyrir próftökurétti í munnlegu lokaprófi er að nemendur hafi staðist námsmat B-hluta.

Tungumál: Íslenska

L-102-STJO Stjórnskipunarréttur

4 ein./8 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Haustönn 2007

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: Þrjú fyrirlestrar í viku og einn umræðutími

Kennarar: Ragnhildur Helgadóttir, Þorgeir Ingi Njálsson.

Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemar:

- skilji grundvallarhugmyndir í stjórnskipunarrétti og áhrif þeirra.
- þekki einkenni og sögu íslenskrar stjórnskipunar.
- kunni skil á helstu reglum um mannréttindi og vernd þeirra.
- þekki helstu reglur um hlutverk, skipulag og starfsemi einstakra handhafa ríkisvaldsins, og þeirra alþjóðastofnana sem koma við sögu.

Lýsing: Í námskeiðinu verður velt upp grundvallarspurningum í stjórnskipunarrétti, eins og á hverju ríkisvaldið sé byggt, hvernig staða borgaranna verði best tryggð gagnvart því og til hvers stjórnarskrár séu og hvað eigi að fjalla um í þeim. Grundvallarhugtök í stjórnskipunarrétti og meginskipulag íslenska ríkisins verða kynnt. Þannig verður fjallað um þriggriðingur ríkisvaldsins, lýðræði, þingræði, mannréttindi samkvæmt stjórnarskrá og alþjóðasáttmálum og hvernig er staðið að vernd þeirra og hvernig skuli standa að þjóðréttarsamningum sem íslenska ríkið gerir. Einnig verður fjallað um túlkun stjórnarskrár og um áhrif hennar og alþjóðasamninga á túlkun almennra laga. Gerð verður grein fyrir grundvallarskipulagi íslenska ríkisins, handhöfum ríkisvaldsins, hlutverki þeirra og stöðu.

Leseefni: Stjórnskipunarréttur. Gunnar G. Schram.

Leseefni í stjórnskipunarrétti (fjölrit)

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar og umræðu- eða verkefnatímar.

Námsmat: Þátttaka í umræðum og verkefnavinna 20%, miðannarpróf 20%, lokapróf 60%

Tungumál: Íslenska

L-103-KROF Kröfuréttur

4 ein./8 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Haustönn 2007

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 4 fyrirlestrar í viku

Kennari: Aðalsteinn Egill Jónasson

Námsmarkmið:

Markmið námskeiðsins er að nemendur:

- öðlist skilning á því hvað felst í hugtakinu kröfuréttur og átti sig á þýðingu þess í réttarkerfinu fyrir hin mismunandi réttarsvið.
- þekki allar grundvallarreglur kröfuréttar.
- þekki helstu dóma sem hafa þýðingu á þessu réttarsviði.
- fái þjálfun í því að leysa raunhæf verkefni þar sem reynir á þær grundvallarreglur sem fjallað verður um.
- fái þjálfun í því að tjá sig munnlega og skriflega um viðfangsefni kröfuréttar.

Lýsing: Fjallað er um kröfuréttindi í heild sinni, meðal annars um þær reglur sem gilda um stofnun kröfuréttinda, mismunandi tegundir kröfuréttinda (almennar kröfur og viðskiptabréfakröfur), afmörkun kröfuréttinda gagnvart ýmsum öðrum réttindum, efnidir kröfuréttinda, vanefndir og vanefndaúrræði, lögvernd kröfuréttinda, aðilaskipti að kröfuréttindum (skuldara- og kröfuhafaskipti á bæði almennum kröfum og við-

skiptabréfakröfum) og lok kröfuréttinda. Lögð er áhersla á að setja námsefnið fram með tilvísunum til raunhæfra dæma og dóma sem gengið hafa á sviðinu. Gerð er krafa til þess að nemendur séu búnir að undirbúa sig vel fyrir tíma og séu reiðubúin til að tjá sig munnlega um dóma og efni sem sett er fyrir hverju sinni.

Lesefni: Kaflar í kröfurétti I. Þorgeir Örlygsson.

Kaflar í kröfurétti II. Þorgeir Örlygsson.

Kaflar í kröfurétti III. Þorgeir Örlygsson.

Yfirlit yfir helstu viðskiptabréfareglur sem gilda um skuldabréf. Páll Hreinsson.

Kennsluaðferðir: Haldnir verða 4 fyrirlestrar í viku. Tvö raunhæf verkefni verða lögð fyrir á önninni. Nemendur eru spurðir út úr námsefni í fyrirlestrum og því er ætlast til að þeir hafi kynnt sér vel það efni sem lagt er til grundvallar í tímanum.

Námsmat: Frammistaða í tímum (10%), raunhæf verkefni (10%), miðvetrarpróf (15%) og skriflegt lokapróf (65%). Nemendur þurfa að fá lágmarksheildareinkunn 5,0 og jafnframt lágmarkseinkunnina 5,0 í lokaprófinu.

Tungumál: Íslenska

L-104-BOKG Bókhald og greining ársreikninga

3 ein./6 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Haustönn 2007

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3 fyrirlestrar í viku og 2 verkefnatímar aðra hverja viku frá og með 7. viku

Kennari: Kristinn Freyr Kristinsson

Námsmarkmið:

Stefnt er að því að nemendur:

- öðlist skilning á grundvallaratriðum reikningsskila og skilji mikilvægi áreiðanlegra reikningsskila,
- öðlist grundvallarskilning á lögum um virðisaukaskatt og skilning á lögum og reglum sem gilda um ársreikninga íslenskra fyrirtækja.

Lýsing: Kynning á undirstöðuatriðum reikningsskila, þ.m.t. færslu á tvíhliða bókhaldi og áhrifum einstakra viðskipta á rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi. Kynning á helstu reglum sem reikningshaldið byggir á og hvernig þær tengjast mati og framsetningu á tekjum, gjöldum, eignum og skuldum, s.s. innlausn tekna og gjalda, viðskiptakröfum, birgðum, varanlegum rekstrarfjármunum, langtímaskuldum og eigin fé. Kynning á grundvallaratriðum í lögum um virðisaukaskatt og hvernig skilum á honum er háttað með hliðsjón af reglum reikningshaldsins. Kynning á helstu kennitölum í ársreikningum, s.s. veltufjárhlutfalli, eiginfjárhlutfalli, veltuhraða birgða, biðtíma útistandandi krafna, arðsemi eigin fjár og hvernig þær tengjast greiningu og túlkun á

ársreikningum íslenskra fyrirtækja. Ársreikningar íslenskra fyrirtækja verða skoðaðir og farið í greiningu og túlkun á þeim. Einnig verður farið í helstu hugtök og kennitölur sem birtast í íslenska ársreikningnum þannig að nemendur séu færir um að greina og túlka ársreikninga

Lesefni: Fundamental financial accounting concepts/5. Edmonds, McNair og Olds.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og verkefnatímar.

Námsmat: Skilaverkefni 10%, áfangapróf 20% og lokapróf 70%. Ná verður lágmarks-einkunn á lokaprófi áður en önnur verkefni fara að gilda í lokaeinkunn.

Tungumál: Íslenska

Fyrsta námsár

Námskeið á vorönn

L-201-SAMN Samningaréttur

4 ein./8 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Vorönn 2008

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 5 fyrirlestrar í viku

Kennarar: Heiðrún Jónsdóttir, Hildur Sólveig Pétursdóttir.

Námsmarkmið:

Markmið námskeiðsins er að nemendur læri að þekkja meginreglur samningaréttar, helstu hugtök og þær réttarreglur og sjónarmið sem gilda um samninga. Þannig er stefnt að því að nemendur læri skil á og öðlist færni í að beita reglum samningaréttar og samningalaga um:

- stofnun samnings og formskilyrði þess að samningur teljist skuldbindandi umboðum og annarri milligöngu við samningsgerð
- hvernig túlka á samninga, þ.e. um hvað var samið
- sérreglum um staðlaða samningsskilmála (e. boilerplate)
- ógilda löggæringa
- og geti beitt þeim reglum við lausn raunhæfra verkefna þar sem reynt getur á þessi atriði með hliðsjón af dómafordæmum sem þýðingu hafa við skýringu laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa ásamt síðari breytingum.

Lýsing: Aðaláhersla námskeiðsins er fjalla um fræðigreininna samningarétt, ásamt meginreglum og ákvæði laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa ásamt síðari breytingum. Lögð verður sérstök áhersla á að tengja dómafordæmi við viðfangsefnið sem og raunhæf verkefni. Byrjað verður á að almennri kynningu á hugtakinu samningur, fræðigreinininni samningarétti og samningalögum. Farið verður

yfir meginreglur um samningaréttar og hvernig þær reglur séu virtar í núgildandi samningalögum. Fjallað verður ítarlega um helstu hugtök samningaréttar: löggerninga, loford, ákvöð, tilboð, samningur, þriðjamannslöggerningar, gerhæfi. Í tengslum við þau hugtök verður farið yfir hvernig gildir samningur stofnast, formskilyrði og mun á einstökum hugtökum. Atriði á borð við tímafresti, samþykki tilboðs, höfnun og gagn-tilboð verða skoðuð í þessu samhengi. Þá verður farið yfir sérsjónarmið um staðlaða samningsskilmála og hvaða reglur gildi um túlkun samninga. Hugað verður að reglum um mismunandi milligöngu við samningsgerð og réttaráhrifum þess. Á seinni hluta námskeiðsins verður nákvæm umfjöllun um ástæður þess að samningar eru ógildir ýmist frá upphafi eða vegna síðari til kominna atvika og reglur samningalaga um einstakar ógildingarástæður. Ætlast er til þess að nemendur mæti undirbúnir fyrir hvern fyrirlestur og að þeir taki virkan þátt í umfjöllunarefni hverju sinni annars er hætt við því að óundirbúnir nemendur eigi erfitt með að halda þræði í tímum.

Lesefni: Samningaréttur. Páll Sigurðsson.

Kennsluáðferðir: Kenndir verða 5 fyrirlestrartímar á viku. Í kennsluáætlun er að finna lýsing á lesefni hvers fyrirlestrartíma sem styðst verður við í kennslu í samningarétti í vetur. Athygli er vakin á því að í kennsluáætlun er vísað til nokkurs fjölda dómsúrlausna sem ætlast er til að nemendur hafi lesið fyrir tíma. Þá er þar einnig að finna ýmsar spurningar/verkefni sem verða nýtt til grundvallar umræðna í fyrirlestrum. Af þessu tilefni skal tekið fram að ekki mun verða um PowerPoint kennslu að ræða og því er hætt við óundirbúnir nemendur eigi erfitt með að halda þræði í tímum. Kennari mun afhenda úthendi um umfjöllunarefni til nemenda eftir því sem þurfa þykir.

Námsmat: Námsmat í L-201 Samningarétti byggist á eftirfarandi:

1. Miðannarpróf skriflegt: 30% (lágmarkseinkunn 5)
2. Lokapróf skriflegt: 70% (lágmarkseinkunn 5)

Tungumál: Íslenska

L-202-FELA Félagaréttur

4 ein./8 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Vorönn 2008

Stig námsgreinar: Grunn nám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 5 fyrirlestrar í viku

Kennari: Áslaug Björgvinsdóttir.

Námsmarkmið:

Stefnt er að því að nemendur:

- öðlist grundvallarþekkingu á reglum um helstu félagafarm og sjálfseignarstofnanir,
- öðlist færni í úrlausn félagaréttarlegra álitaefna, bæði raunhæfra og fræðilegra.

Lýsing: Um er að ræða grunnnámskeið í félagarétti þar sem fjallað verður um viðfangsefni og réttarheimildir félagaréttar, eðli samstarfs í formi félaga og þau borin saman við önnur samvinnu- og rekstrarform. Gerð verður grein fyrir helstu hugtökum félagaréttar, eins og félag, lögaðili, firma og fyrirtæki. Einnig verður skoðaður munurinn á ólíkum tegundum félaga, eins og félagsskap og skipulagsbundnum félögum; persónulegum félögum og fjármagnsfélögum. Fjallað verður um helstu félagaform íslensks réttar, þ.e. sameignarfélög, samlagsfélög, hlutafélög, samlagshlutafélög og einkahlutafélög og ófjárhagsleg félög (almenn félög/samtök) auk sjálfseignarstofnana. Til umfjöllunar verða reglur um stofnun félaga og sjálfseignarstofnana, skráningu þeirra, stjórnkerfi, heimildir (umboð) til að skuldbinda þau og réttarstöðu félagsmanna.

Lesefni: Félagaréttur. Áslaug Björgvinsdóttir.

Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir. Stefán Már Stefánsson.

Kennsluáferðir: Kennsla verður í formi fyrirlestra og umræðutíma.

Námsmat: Verkefni og próf. Lokaeinkunn úr námskeiðinu mun samanstanda af eftirfarandi matsþáttum: Raunhæf verkefni samtals að vægi 30% og skriflegt lokapróf 70%. Skil á verkefnum er skilyrði þátttöku í lokapróf.

Tungumál: Íslenska

L-203-EIGN Eignaréttur

4 ein./8 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Vorönn 2008

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 4-5 fyrirlestrar í viku

Kennarar: Guðrún Gauksdóttir. Ólafur Finnbogi Haraldsson.

Námsmarkmið:

Að nemendur læri grundvallarreglur eignaréttar

Lýsing: Á námskeiðinu er farið yfir grundvallarreglur eignaréttar. Fræðigreinin eignaréttur er hluti fjármunaréttar, sem nær m.a. einnig yfir kröfurétt, samninga- og kauparétt og skaðabótarétt. Eignarréttindi hafa verið greind í hlutaréttindi, kröfuréttindi og hugverka- og auðkennaréttindi. Á þessu námskeiði verður einkum fjallað um hlutaréttindi, þ.e. þær grundvallarreglur, sem gilda um réttindi yfir fasteignum og lausafé. Áhersla er lögð á fasteignaréttindi. Fræðigreinin eignaréttur tekur bæði til eignaréttar og takmarkaðra eignarréttinda, t.d. afnotaréttinda, ítaksréttinda og veðréttinda. Á námskeiðinu verður m.a. fjallað um hugtakið fasteign, flokkun fasteigna, mörk fasteigna og um eignarráð og takmörkun þeirra. Fjallað verður um vissununarhætti og brottfall eignaréttar, t.d. hefð og eignarnám. Farið verður sérstaklega yfir

hugtakið veðréttindi og grunnreglur um stofnun veðréttinda, með aðaláherslu á stofnun sammingsveðs og inntak þeirra réttarreglna sem um það gilda. Þá verður fjallað um þinglýsingareglur sem gilda um opinbera skráningu eignarréttinda og þau réttaráhrif sem tengjast slíkri skráningu.

Lesefni: Veðréttur. Þorgeir Örlygsson.

Kaflar úr eignarétti. Þorgeir Örlygsson.

Kaflar úr eignarétti, handrit 1998. Gaukur Jörundsson.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar.

Námsmat: Verkefni 20% og lokapróf 80%

Tungumál: Íslenska

X-204-STOF Nýsköpun og stofnun fyrirtækja

3 ein./6 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Vorönn 2008

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 2 fyrirlestrar í viku og vinna við lokaverkefni í 3 vikur til viðbótar

Kennarar: Friðrik Rafn Larsen. Haraldur Flosi Tryggvason.

Lilja Dóra Halldórsdóttir. Páll Kristján Pálsson. Þór Clausen.

Námsmarkmið:

Stefnt er að því að nemendur:

- skilji mikilvægi liðs í stofnun fyrirtækja og öðlist aukinn skilning á liðshegðun,
- læri að finna góðar viðskiptahugmyndir sem skapa störf
- geti beitt viðskiptalegri dómgreind og haft frumkvæði,
- geti gert framúrskarandi viðskiptaáætlun

Lýsing: Námskeiðið er viðamikil og miðar að þróun viðskiptahugmyndar yfir í viðskiptatækifæri og gerð fullbúinnar viðskiptaáætlunar fyrir nýtt fyrirtæki eða innan starfandi fyrirtækis. Námskeiðið skiptist í fjóra meginþætti:

- Viðskiptatækifæri og uppsprettur þeirra – viðskiptahugmyndin.
- Undirbúningur viðskiptaáætlunar – veruleikaprófið.
- Gerð viðskiptaáætlana.
- Kynning viðskiptahugmyndar fyrir fjárfestum.

Lesefni: The Successful Business Plan. Rhonda Adams.

Stofnun fyrirtækja. Lilja Dóra Halldórsdóttir.

Kennsluaðferðir: Námskeiðið byggist á hópavinnu og er lokaafurð þess nokkuð viðamikil viðskiptaáætlun sem skila þarf á pappírformi, auk þess sem meginþætti hennar

þarf að kynna fyrir dómnefnd (kennurum og etv. gestadómurum) og á veggspjaldi. Fyrirlestrar verða um helstu þætti hugmyndarvinnu og gerð viðskiptaáætlunar, en nemendur þurfa að gera ráð fyrir að töluverður tími fari í sjálfstæða gagnaöflun og hópastarf. **Námsmat:** Viðskiptahugmynd, lokakynning, frágangur lokaskýrslu, veggspjald og fundargerðarbók: 20% af lokaeinkunn. Markaðshluti (greining á markaði, markaðssetning): 20% af lokaeinkunn. Fjármálahluti: 20% af lokaeinkunn. Tæknileg útfærsla hugmyndar: 20% af lokaeinkunn. Lögfræðileg álitaefni, stofngögn og samningagerð: 20% af lokaeinkunn. Gert er ráð fyrir að allir nemendur sinni hópastarfi af kostgæfni, bæði með ástundun og framlagi. Brestur þar á er metinn til lækkunar á einkunn viðkomandi. Ófullnægjandi hópastarf nemanda leiðir til falls í námskeiðinu. Við mat á hópastarfi verður fyrst og fremst litið til fundargerðarbókar hópsins og hópamats einstaklinga hópsins í lok annar.

Tungumál: Íslenska

Annað námsár

Námskeið á haustönn

L-301-RETT Réttarfar

5 ein./10 ECTS

Ár: 2. ár

Önn: Haustönn 2007

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 5 fyrirlestrar í viku

Kennarar: Jón Helgi B Snorrason. Jón Steinar Gunnlaugsson.

Sigurður Tómas Magnússon.

Námsmarkmið:

Stefnt er að því að nemendur:

- öðlist þekkingu og skilning á dómstólakerfinu og hlutverki þess,
- öðlist þekkingu og skilning á meginreglum einkamálaréttarfars,
- öðlist staðgóða þekkingu á þeim reglum sem gilda um undirbúning, höfðun og rekstur einkamáls fyrir dómstólum, kynnist því hvernig reglurnar hafa verið túlkaðar af dómstólum og fá nokkra þjálfun í að beita þeim við úrlausn raunhæfra verkefna,
- öðlist grunnþekkingu á fullnusturéttarfari og opinberu réttarfari.

Lýsing: Fjallað verður um meginreglur einkamálaréttarfars, svo sem reglurnar um jafnræði málsaðila, munnlega málsmeðferð, opinbera málsmeðferð, milliliðalausa málsmeðferð, útilokunarregluna og regluna um forræði málsaðila á sakarefni máls. Þá verður fjallað um dómstólakerfið á Íslandi og um almennt og sérstakt hæfi dómara. Gerð verður grein fyrir einstökum flokkum einkamála og hvaða mismunandi reglur

gilda um meðferð þeirra. Þá verður fjallað um þær reglur sem gilda um rekstur einkamála frá útgáfu stefnu til uppkvaðningar dóms. Sérstaklega verður fjallað um stefnur og stefnubirtingu, varnarþing, málsaðild, fyrirsvar, sakarefni, kröfugerð, sönnunarfærslu, þingfestingu mála, málsmeðferð fram að aðalmeðferð, aðalmeðferðina sjáfla, samningu dóma, þ.m.t. sönnunarmat og réttaráhrif dóma. Þá verða kynntar helstu lagabálkar um fullnustu krafna. Nemendum verður einnig veitt innsýn í opinbert réttarfar. Kynntar verða meginreglur í opinberu réttarfari og farið yfir helstu reglur um meðferð ákærvalds, réttarstöðu sakbornings og brotþola og sönnunarfærslu. Loks verður vikið að málsskoti til Hæstaréttar. Fjallað verður um fjölda dóma sem varða þetta réttarsvið.

Lesefni: Einkamálaréttarfar. Markús Sigurbjörnsson.

Réttarfar í hnotskurn. Andri Árnason.

Um málskot í einkamálum. Jón Steinar Gunnlaugsson.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður, raunhæf verkefni og heimsóknir í dómstóla.

Námsmat: Verkefni 40% og skriflegt lokapróf 60%. Lágmarkseinkunn á námskeiðinu er 5,0. Einnig þarf að ná 5,0 á skriflegu lokaprófi.

Tungumál: Íslenska

L-302-SKAD Skaðabótaréttur

4 ein./8 ECTS

Ár: 2. ár

Önn: Haustönn 2007

Stig námsgreinar: Grunn nám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 4 fyrirlestrar í viku

Kennarar: Guðmundur Sigurðsson. Halldór P. Birgisson.

Námsmarkmið:

Stefnt er að því að nemendur:

- öðlist yfirsýn yfir þær réttarreglur sem gilda um skaðabætur utan samninga.

Lýsing: Á námskeiðinu verður fyrst og fremst fjallað um skaðabætur utan samninga. Megináherslan verður lögð á skaðabætur vegna líkamstjóns og tjóns á munum en í minna mæli fjallað um skaðabætur vegna almenns fjártjóns. Gerð verður grein fyrir skilyrðum fyrir stofnun skaðabótakröfu, hverjir geti átt rétt til skaðabóta, réttarvernd og hvernig hún fellur niður. Einnig er lýst reglum um mat á umfangi tjóns og ýmsum uppgjorsreglum. Veruleg áhersla verður lögð á reglur skaðabótalaga nr. 50/1993. Ætlast er til virkrar þátttöku nemenda í tímum.

Lesefni: Skaðabótaréttur. Viðar Már Matthíasson.

Greinargerð með skaðabótalögum nr. 50/1993

Ökutæki og tjónbætur. Arnljótur Björnsson.

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar

Námsmat: Tvö skilaverkefni gilda samtals 35% í lokaeinkunn. Annað er einstaklingsverkefni og gildir 15% og hitt hópverkefni sem unnið verður sameiginlega með námskeiði í réttarfari, gildir 20%. Einstaklingsverkefnið er heimaverkefni. Um hópverkefnið gildir eftirfarandi: Hópurinn fær ákveðna einkunn. Hver nemandi þarf síðan að svara munnlega spurningum í tengslum við verkefnið. Svörin geta haft áhrif til hækkunar eða lækkunar á hans einkunn en hafa ekki áhrif á einkunn hópsins.

- Skriflegt lokapróf gildir 65%.
- Próftökuréttur í lok annar er háður því að viðkomandi hafi lokið skilaverkefnunum.
- Nemendur þurfa bæði að fá lámárkseinkunn 5 á lokaprófi og í námskeiðinu í heild.
- Nemendur sem náð hafa 5 á lokaprófi, en ekki í námskeiðinu í heild, eiga þess aðeins kost að endurtaka lokaprófið en ekki verkefnið.
- Nemendur sem ekki hafa náð 5 á lokaprófi eða í námskeiðinu í heild geta ekki nýtt sér einkunnir sem þeir hafa fengið fyrir aðra námsþætti þótt þeir endurtaki námskeiðið síðar.

Tungumál: Íslenska

L-303-SAMK Samkeppnisréttur

3 ein./6 ECTS

Ár: 2. ár

Önn: Haustönn 2007

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3 fyrirlestrar í viku

Kennari: Heimir Örn Herbertsson

Námsmarkmið:

Stefnt er að því að nemendur:

- öðlist skilning á þeim grundvallarhugmyndum sem liggja að baki samkeppnisreglum og því hvers vegna samkeppnislög hafa verið talin nauðsynleg markaðshagkerfum nútímans
- kunnir skil á helstu efnisreglum samkeppnislaga nr. 44/2005 með síðari breytingum, svo sem reglum um samkeppnishamlandi samstarf fyrirtækja, misnotkun á markaðsráðandi stöðu og samruna fyrirtækja og þeim viðurlögum sem liggja við brotum á samkeppnislögum
- þekki þær erlendu reglur sem löggin byggjast á og helstu úrlausnir innlendra og erlendra samkeppnisyfirvalda og dómstóla á þessu sviði
- kynnist meðferð samkeppnismála fyrir innlendum samkeppnisyfirvöldum og dómstólum.

Lýsing: Á námskeiðinu verður farið yfir helstu ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005, með síðari breytingum, og helstu reglur evrópsks samkeppnisréttar, auk þess sem gerð verður grein fyrir stefnumarkandi úrlausnum á þessu sviði, bæði íslenskum og erlendum. Farið verður yfir stjórnáslu í samkeppnismálum og helstu efnisatriði samkeppnislaga. Meðal annars verður fjallað um bann laganna við samráði keppinauta, bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu og reglur um samruna. Þá verður gerð grein fyrir sektarheimildum samkeppnislaga.

Lesefni: Competition law/5. Whish, Richard.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar.

Námsmat: Tvö skrifleg verkefni gilda hvort um sig 15% í lokaekinn. Loks verður munnlegt lokapróf sem gildir 70% af heildareinkunn en nemendur þurfa að fá lágmarkseinkunn 5 á lokaprófi og á námskeiðinu í heild. Frammistaða nemenda í tímum getur leitt til hækkunar.

Tungumál: Íslenska

L-304-HOFU Hugverkaréttur

3 ein./6 ECTS

Ár: 2. ár

Önn: Haustönn 2007

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3 fyrirlestrar í viku.

Kennarar: Ásdís Magnúsdóttir. Jón Vilberg Guðjónsson. Rán Tryggvadóttir.

Námsmarkmið:

Stefnt er að því að nemendur:

- kynnist grunnhugmyndum og meginreglum hugverkaréttinda, mikilvægi þeirra og tengslum við menningarstarfsemi og atvinnulíf.

Lýsing: Fyrst verður farið yfir grunnhugmyndir hugverkaréttinda og hvernig uppbyggingu réttarreglna á þessu sviði lögfræðinnar er háttáð. Því næst verður farið yfir einstakar greinar hugverkaréttinda og helstu reglur og hugtök á hverju sviði fyrir sig. Byrjað verður á höfundarrétti að bókmenntaverkum eða listverkum, sbr. lög nr. 73/1972 með síðari breytingum, síðan verður fjallað um einkaleyfi á uppfinningum, sbr. lög nr. 17/1991 með síðari breytingum, svo verður vörumerkjaréttur, sbr. lög nr. 45/1997 með síðari breytingum, og annar auðkennaréttur tekinn fyrir og að lokum hönnunarvernd, sbr. lög nr. 46/2001. Fjallað verður um þær reglur sem gilda um stofnun, gildistíma, vernd og meðferð þessara eignarréttinda. Einnig verður fjallað um alþjóðasamvinnu á þessum sviðum eftir því sem við á.

Lesefni: Lærebog i Immaterialret. Koktvedgaard, M. og Schovsbo.

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar

Námsmat: Miðannarpróf 10%, 2 verkefni 20%, skriflegt lokapróf 70%.

Tungumál: Íslenska

Annað námsár

Námskeið á vorönn

L-401-STJR Stjórnsýsluréttur

4 ein./8 ECTS

Ár: 2. ár

Önn: Vorönn 2008

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 5 fyrirlestrar í viku

Kennari: Margrét V. Kristjánsdóttir

Námsmarkmið:

Markmið námskeiðsins er að í lok þess kunni nemendur skil á:

- meginreglum stjórnsýsluréttarins.
- réttarheimildum hans og grundvallarhugtökum.
- uppbyggingu stjórnsýslukerfisins.
- reglum um meðferð stjórnsýslumála.
- almennum efnisreglum stjórnsýsluréttarins.
- reglum um eftirlit með starfsemi stjórnsýslunnar og um áhrif annmarka á stjórnvaldsákvörðunum.

Lýsing: Í störfum sínum þurfa lögfræðingar að hafa tíð samskipti við hið opinbera. Á þessu sviði gilda margvíslegar reglur sem nauðsynlegt er að kunna glögg skil á. Í námskeiðinu verður uppbyggingu stjórnsýslukerfisins og verkefnum stjórnvalda lýst stuttlega. Fjallað verður um réttarheimildir stjórnsýsluréttarins, meginreglur hans og grundvallarhugtök. Sérstaklega verður vikið að hugtakinu stjórnvaldsákvörðun og eins að aðild að stjórnsýslumálum. Farið verður nokkuð nákvæmlega í reglur um meðferð stjórnsýslumála og um áhrif annmarka á málsmeðferðinni. Einnig verður farið í efnisreglur stjórnsýsluréttarins, t.a.m. um það hvaða sjónarmið má leggja til grundvallar matskenndri ákvörðun. Þá verður lítillega fjallað um eftirlit með störfum stjórnsýslunnar og um endurskoðun ákvarðana. Þetta svið er yfirgripsmikið en mjög praktískt fyrir íslenska lögfræðinga. Áhersla er lögð á að tengja námsefnið við álítaefni sem komið hafa upp. Unnið verður með álit umboðsmanns Alþingis og dóma. Nemendur munu taka próf og/eða vinna raunhæft verkefni þegar líða tekur á önnina.

Lesefni: Starfsskilyrði stjórnvalda. Skýrsla nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda. Eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu.

Hæfisreglur stjórnsýslulaga. Páll Hreinsson.

Stjórnsýslulögin, skýringarrit. Páll Hreinsson.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræður og lausn raunhæfra verkefna

Námamat: 70% lokapróf, 30% raunhæft verkefni eða miðannapróf.

Tungumál: Íslenska

L-402-REFS Refsiréttur

4 ein./8 ECTS

Ár: 2. ár

Önn: Vorönn 2008

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 5 fyrirlestrar í viku

Kennari: Svala Ísfeld Ólafsdóttir

Námsmarkmið:

Stefnt er að því að nemendur:

- öðlist haldgöða þekkingu og skilning á grunnhugtökum og meginreglum refsiréttar, auk þess að fá innsýn í einstakar brotategundir.
- séu undir það búnir að starfa á þessu sviði lögfræðinnar.
- séu undirbúnir fyrir frekara nám á sviði refsiréttar.

Lýsing: Í námskeiðinu er í aðalatriðum fjallað um eftirfarandi þætti: Grundvallarhugtök refsiréttar og skilyrði refsíabyrgðar. Flokkun afbrota. Tilraun til afbrota og afturhvarf. Hlutdeild í afbrotum og samverknað. Grundvallarregluna um saknæmi. Ásetning og gáleysi. Sakhæfi. Refsingar og önnur viðurlög. Ákvörðun refsingar. Ítrekun. Refsivist og refsivistarstofnanir. Lok refsíabyrgðar og brottfall viðurlaga. Þá er í námskeiðinu fjallað um sérgreindari viðfangsefni refsiréttar, m.a. eftir því sem nýir dómur, lagabreytingar og fjölmiðlaumræða kann að gefa tilefni til.

Lesefni: Afbrot og refsíabyrgð I. Jónatan Þórmundsson.

Afbrot og refsíabyrgð II. Jónatan Þórmundsson.

Afbrot og refsíabyrgð III. Jónatan Þórmundsson.

Viðurlög við afbrotum.

Safn greinargerða við almenn hegningarlög

Kennsluaðferðir: Kennslan er í formi fyrirlestra kennara og umræðutíma, þar sem fjallað er um afmörkuð atriði. Leitast er við að taka fyrir viðfangsefni sem eru ofarlega á baugi í fjölmiðlaumfjöllun og fræðilegri umræðu á hverjum tíma og þau sett í samhengi við námsefnið. Sérfræðingar á mismunandi sviðum refsiréttar koma í tíma og

Lýsa viðfangsefnum sínum og sérkennum þeirra. Áhersla er lögð á umfjöllun um dóma í kennslunni og þeir notaðir til að skýra og dýpka skilning nemenda á efninu.

Námsmat: Raunhæft verkefni í formi heimaprófs 30% og skriflegt lokapróf 70%.

Tungumál: Íslenska

L-403-EVRO Evrópuréttur

4 ein./8 ECTS

Ár: 2. ár

Önn: Vorönn 2008

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 4-5 fyrirlestrar í viku

Kennarar: Gunnar Þór Pétursson. Helga Melkorka Óttarsdóttir. Martin Eyjólfsson.

Námsmarkmið:

Markmið er að nemendur:

- nái góðum tókum á grundvallarþáttum réttarkerfis Evrópusambandsins (ESB)
- tileinki sér þekkingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES samningnum)
- skilji tengsl Evrópuréttar og íslensks réttar í gegnum EES-samninginn

Lýsing: ESB er stærsta viðskiptasvæði Íslendinga og aðrir þættir þess en efnahagslegir eru verulegir og vaxandi. Íslendingar tengjast ESB fyrst og fremst í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og Schengen-samstarfið. Fyrst verður fjallað um uppruna ESB og sögu þess. Þá verður tekist á við réttarkerfi ESB, eða Evrópurétt í þrengri merkingu. Fjallað verður um stofnanauppbyggingu Sambandsins, löggjafarstarfsemi þess og aðra ákvarðanatöku. Grundvallarþáttum réttarkerfisins eins og beinum réttaráhrifum og forgangi Evrópuréttar verða gerð skil sem og samspili landsréttar aðildarríkjanna og Evrópuréttarins almennt. Fjallað verður sérstaklega um Evrópudómstólinn og Undirréttinn og tengsl þeirra við dómsýslu í aðildarríkjunum. Þá verður farið yfir grundvallarþætti innri markaðar ESB, þ.e. frjáls vöruviðskipti, frjálsa þjónustustarfsemi, frjálst flæði fólks, frjálsa fjármagnsflutninga og staðfesturétt, ásamt samkeppnisreglum ESB. Fjallað verður sérstaklega um EES-samninginn, stofnanaþætti hans, ákvörðunartökuferli og efnissvið. Til umfjöllunar verða tengsl EES-samningsins og íslensks landsréttar og skoðaðir verða þeir þættir fríverslunar-samnings Íslands og ESB frá 1972 sem enn hafa þýðingu.

Lesefni: Textbook on EC Law. J. Steiner & L. Woods.

EES-réttur og landsréttur. Davíð Þór Björgvinsson.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, málstofa og umræðutímar.

Námsmat: 70% skriflegt lokapróf, 20% raunhæft verkefni (heimapróf), 10% verkefni í tíma (dómareifun).

Tungumál: Íslenska

L-404-RAUN Raunhæft verkefni

3 ein./6 ECTS

Ár: 2. ár

Önn: Vorönn 2008

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3 vikur eftir lokapróf á vorönn.

Kennarar: Jón Steinar Gunnlaugsson, Sigurður Tómas Magnússon.

Námsmarkmið:

Markmiðið með námskeiðinu er:

- að gefa nemendum almennt yfirlit yfir samningsgerð
- að þjálfar nemendur í samningsgerð
- að þjálfar nemendur í undirbúningi og meðferð dómsmála með samningu málflutningskjala og munnlegum flutningi tilbúins dómsmáls
- að gefa nemendum innsýn í dómasamningu

Lýsing: Fjallað verður um samningsgerð og samningatækni. Gert er ráð fyrir fyrirlestur/umræðutímum um gerð viðskiptasamning og samningatækni en að öðru leyti byggist þessi þáttur á verkefnavinnu um gerð samnings undir stjórn leiðbeinanda. Á námskeiðinu verður megináhersla lögð á undirbúning og flutning tilbúins dómsmáls á grundvelli atvikalýsingar sem lögð er fyrir nemendur. Byrjað verður á fyrirlestur og umræðutímum um undirbúning málsmeðferðar, um öflun sönnunargagna og um gerð stefnu og greinargerðar. Þá verður unnið við gerð stefnu og greinargerðar og eftir atvikum dómskjala í einkamáli á grundvelli tiltekinnar atvikalýsingar. Að þessu loknu verða fyrirlestrar um undirbúning munnlegs málflutnings fyrir dómi og um dómasamningu. Að því loknu fá nemendur hlutverk lögmanna stefnanda eða stefnda og hefja undirbúning málflutnings fyrir dómi sem lýkur með málflutningi í dómsal. Að því loknu semja nemendur dóm máli sem annar nemendahópur hefur flutt.

Lesefni: Alþjóðlegir viðskiptasamningar. Hafliði K. Lárusson.

Einkamálaréttarfar. Markús Sigurbjörnsson.

Getting tio YES – Negotiating Agreement Without Giving In. Roger Fisher og William Ury.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræðutímar, hópavinna. Skjalagerð, þjálfun í munnlegum flutningi.

Námsmat: Námsmat byggist á frammistöðu í skjalagerð og munnlegum málflutningi

Tungumál: Íslenska

Þriðja námsár
Námskeið á haustönn

L-501-VERD Verðbréfamarkaðsréttur

5 ein./10 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Haustönn 2007

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 5 fyrirlestrar í viku

Kennari: Ólafur Arinbjörn Sigurðsson

Námsmarkmið:

Stefnt er að því að nemendur:

- fái heildaryfirsýn yfir þær reglur sem gilda um verðbréfavíðskipti og starfsemi skipulagðra verðbréfamarkaða.

Lýsing: Á námskeiðinu verður fjallað um þá aðila og stofnanir sem koma að málum á verðbréfamarkaði og gerð verður sérstök grein fyrir réttindum og skyldum fjármála-fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Þá verður fjallað um almenn útboð og áreiðanleika-kannanir, opinbera skráningu verðbréfa í kaupahöll, upplýsingaskyldu skráðra félaga, yfirtökutilboð, innherjaviðskipti, markaðsmisnotkun og reglur um eftirlit með aðilum og starfsemi á verðbréfamarkaði.

Lesefni: Verðbréfamarkaðsréttur. Jóhannes Sigurðsson og Þórólfur Jónsson.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar.

Námsmat: Lokapróf sem gildir 75% af einkunn og raunhæft verkefni 25%

Tungumál: Íslenska

L-502-SKAT Skattaréttur

4 ein./8 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Haustönn 2007

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 4 fyrirlestrar í viku

Kennari: Gunnar Gunnarsson

Námsmarkmið:

Markmiðið með námskeiðinu er að undirbúa nemendur undir verkefni þar sem reynir á beitingu skattalaga og annarra réttarheimilda um skattarétt hvort heldur sem er í

lögmennsku, á sviði stjórnáæslunnar, við skattaráægjöf eða í tengslum við aðra hagsmunagæslu.

Lýsing: Á námskeiðinu verður m.a. fjallað um internetið og skattarétt, hlutverk og starfsvið skattalögfræðinga, hugtakið skattarétt, skilsmun á sköttum og þjónustugjöldum, réttarheimildir í skattarétti, skatta og stjórnaæskrá, lögskýringar í skattarétti, hugtökin skattafyrirhyggju og skattasniðgöngu, skattastjórnaæsluna, málsmeðferðarreglur í skattarétti, skattskylda aðila, skattlagningu mismunandi félagsforma, einstaklinga í atvinnurekstri, breytingu á rekstrarformum, hugtökin atvinnurekstur og gerviverktöku, skattlagningu einstaklinga, skattlagningu lögaðila, atvinnurekstrartekjur, frádrátt frá atvinnurekstrartekjum, fyrningu og niðurfærslu eigna, samsköttun, samruna og skiptingu félaga, skattlagningu söluhagnaðar, fjármagnstekjuskatt, skattarefsirétt, virðisaukaskatt, erfðafjárskatt og fleiri skatta Einnig verður fjallað um takmarkaða og ótakmarkaða skattskyldu, og alþjóðlegur skattaréttur verður kynntur fyrir nemendum.

Lesefni: Skattur á fyrirtæki. Ásmundur G. Vilhjálmsson.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar (verkefnatímar).

Námsmat: Lokapróf sem gildir 65% af einkunn og raunhæft skilaverkefni (heimapróf) og miðannapróf gilda samtals 35% af einkunn.

Tungumál: Íslenska

L-503-THJO Þjóðaréttur

3 ein./6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Haustönn 2007

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3 fyrirlestrar í viku

Kennari: Þórdís Ingadóttir

Námsmarkmið:

Stefnt er að því að nemendur:

- fá yfirlit yfir grunnreglur þjóðaréttar og þá mismunandi stöðu ríkja, alþjóðastofnana, einstaklinga, fyrirtækja og samtaka innan hans
- fá skýra mynd af helstu alþjóðastofnunum, eðli þeirra, starfi og áhrifum
- fá heildaryfirlit yfir alþjóðadómstóla og lögsögu þeirra
- kynnist grunnreglum valinna sérsviða og ræði helstu álitæfni innan þeirra.

Lýsing: Í námskeiðinu er farið yfir meginreglur þjóðaréttar og valin sérsvið hans kynnt. Í fyrri hluta námskeiðs verður fjallað um eðli og einkenni þjóðaréttar, tengsl þjóðaréttar og landsréttar, réttarheimildir, aðila þjóðaréttar, landsvæði ríkja, ábyrgð

ríkja, lögsögu, úrlendisrétt, þjóðréttarsamninga, beitingu vopnavalds og friðsamlega úrlausn deilumála. Gefið verður yfirlit yfir helstu alþjóðastofnanir og sérstaklega farið í hlutverk og skipulag Sameinuðu þjóðanna. Í seinna hluta námskeiðs verða valin sérsvið innan þjóðaréttarins kynnt: umhverfisréttur, alþjóðlegur sakamálaréttur, alþjóðaviðskipti, hafréttur og mannréttindi. Í báðum hlutum verður lögð áhersla á álitaeftni líðandi stundar

Lesefni: International law. Shaw, Malcolm N.

Basic Documents Supplement to International Law. Damrosch, Henkin, Pugh, Schachter & Smith.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræður.

Námsmat: Skilaverkefni 25% og lokapróf 75%.

Tungumál: Íslenska

L-504-FJOL Fjölskyldu- og erfðaréttur

3 ein./6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Haustönn 2007

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3 fyrirlestrar í viku

Kennari: Dögg Pálsdóttir

Námsmarkmið:

Stefnt er að því að nemendur:

- tileinki sér helstu réttarreglur hjúskaparréttar, þ.e. um stofnun og slit hjúskapar, fjármál hjóna og fjárskipti milli hjóna. Í því sambandi verður fjallað um helstu réttarreglur sem gilda um staðfesta samvist og um óvígða sambúð
- tileinki sér helstu réttarreglur barnaréttar, þ.e. um faðerni og móðerni og forsjá. Í því sambandi verður fjallað um meðferð ágreinings um forsjá, umgengni og framfærslu barna vegna skilnaðar eða sambúðarslita, ættleiðingu og vernd barna
- tileinki sér helstu réttarreglur erfðaréttar
- þekki helstu dóma sem hafa þýðingu á þessum réttarsviðum
- fái þjálfun í því að leysa raunhæf verkefni þar sem reynir á grundvallarreglur fjölskyldu- og erfðaréttar

Lýsing: Hjúskaparréttur. Hjúskaparlög nr. 31/1993. Réttarreglur um stofnun og slit hjúskapar. Réttindi og skyldur hjóna. Framfærsluskylda. Fjármál hjóna; hjúskapareignir, séreignir, kaupmálar, ábyrgð á skuldbindingum, samsköttun o.fl. Sérstök áhersla verður lögð á reglur um slit hjúskapar og skilnaðarsamninga. Enn fremur verður fjallað um réttarreglur um óvígða sambúð og staðfesta samvist. Barnaréttur. Barnalög nr.

76/2003. Faðerni og móðerni. Forsjá og umgengnisréttur. Framfærsluskylda. Meðferð mála hjá stjórnslu og fyrir dómstólum vegna ágreinings um framfærslu barna, forsjá og umgengnisrétt í tengslum við skilnað eða sambúðarslit foreldra. Ættleiðing. Reglur sem tengjast meðgöngu og barnsburði. Lögræðislög. Erfðaréttur. Erfðalög nr. 8/1962. Lögerfðir og bréferfðir. Erfðaskrár. Seta í óskiptu búi. Skipti dánarbúa.

Lesefni: Barnalög ásamt greinargerð

Erfðalög nr. 8/1962 með breytingum ásamt skýringum og dómareifunum
Hjúskaparlög nr. 31/1993 sbr. lög nr. 150/1998 og 65/2001 ásamt skýringum og dómareifunum, Dögg Pálsdóttir tók saman.

Lög og réttur, valdir kaflar endurskoðaðir

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræður.

Námsmat: Tvö verkefni. Fyrri verkefnið, sem gildir 10%, mega nemendur leysa hver og einn eða í hópi sem í eru ekki fleiri en þrír. Í því mun reyna á yfirferð í námskeiðinu í lögræðislögum og í hjúskaparrétti. Verkefnið verður lagt fyrir fyrri hluta námskeiðsins. Síðara verkefnið, sem gildir 20%, verður úr barnarétti og erfðarétti. Það verður lagt fyrir síðari hluta námskeiðsins. Munnlegt lokapróf, 70%. Lágmarkseinkunn í námskeiði er 5,0. Til að einkunn í verkefnum gildi þarf að ná lágmarkseinkunn í munnlegu lokaprófi. Leitast verður við að meta góða frammistöðu í tímum til hækkunar á lokaekinn

Tungumál: Íslenska

Þriðja námsár

Námskeið á vorönn

L-601-ENSL Enskt lagamál

3 ein./6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2008

Stig námsgreinar: Grunnám, sérhæft námskeið

Tegund námskeiðs: Valnámskeið

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3-4 fyrirlestrar í viku

Kennari: Erlendína Kristjánsson

Námsmarkmið:

Upon completion of the course, students should have: An increased level in the use of advanced legal terminology A solid understanding of the characteristics of professional writing Enhanced communications skills with a special emphasis on increased presentation skills Improved pronunciation Increased listening skills A better understanding of the nature of learning English for specific purposes, including learning strategies.

Lýsing: This course offers the students the opportunity to increase their overall proficiency in Legal English. Students will practise and enhance their four language skills: reading, writing, speaking, and listening: Students practise their reading skills through the extensive reading of various legal texts, the application of reading- and vocabulary acquisition strategies, and the completion of practical language assignments. Students will be introduced to the nature and form of legal writing by analysing various legal genres, such as the professional memo, business letters, contracts, and various official legal documents. Standard phrases in business letters and contracts will also be covered. Students will work on aspects relating to tone and style, mechanics, and usage. Various writing assignments will be completed, aimed at the application of legal vocabulary and enhancing students' writing skills and confidence levels. 3. Oral communication skills will be practised through short speeches, formal presentations, mock meetings, debates, argumentation, and interactive discussions. Students will be introduced to various oral communication strategies and standard phrases in oral communication. Listening strategies will be practised through multimedia material by Cambridge University Press. The four language skills will be practised aimed at increasing students' legal vocabulary and grammatical proficiency. Students work systematically on acquiring and developing their legal vocabulary. This will be done through extensive reading and the application of various vocabulary acquisition strategies. Students will practise and develop their grammatical proficiency in relation to the most common grammatical features of Legal English. This will be done through an analysis of legal documents. The course prepares students for the International Legal English by Cambridge University (ILEC exam). The course is based on the following themes • Legal Systems of the world • Systems of Government (Icelandic, UK and USA) (The Icelandic Constitution) • Judiciary Systems (Icelandic, UK and USA) • Legal Contracts • Company Law • Crime • Human Rights (The International Code of Human Rights) • Intellectual Property Law • Debt Collecting • International Legal English Exams

Lesefni: “International Legal English Student’s Book with Audio CDs: A Course for Classroom or Self-study Use”

Compilation of Photocopied Handouts

Kennsluáðferðir: Lectures and discussions.

Námsmat: Assignments. No final exam

Tungumál: Enska

L-604-FULL Fullnusturéttafar

3 ein./6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2008

Stig námsgreinar: Grunnám, sérhæft námskeið

Tegund námskeiðs: Valnámskeið

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3 fyrirlestrar í viku.

Kennarar: Feldís Lilja Óskarsdóttir. Jóhannes Bjarni Björnsson.

Sigurður Tómas Magnússon.

Námsmarkmið:

Stefnt er að því að nemendur:

- öðlist þekkingu á þeim aðferðum sem beitt er samkvæmt lögum um aðför, kyrrsetning, lögbann o.fl., nauðungarsölu, gjaldþrotaskipti o.fl. og skipti á dánarbúum o.fl. til að knýja fram efndir á skyldum manna eða lögpersóna, sem sá sem í hlut á vill ekki eða getur ekki efnt af fúsum og frjálsum vilja.

Lýsing: Gerð verður grein fyrir aðfarargerðum, en þær eru framkvæmdar til að knýja fram efndir á skuldbindingum manna samkvæmt fullgildri aðfararheimild. Sérstaklega verður fjallað um fjárnám, innsetningargerðir og útburðargerðir. Fjallað verður um aðkomu dómstóla að aðfarargerðum á fyrstu stigum og um ágreiningsmál vegna aðfarargerða. Þá verður gerð grein fyrir lagareglum um bráðabirgðaaðgerðir en þær eru kyrrsetning, löggeymsla og lögbann. Einnig verður fjallað um nauðungarsölu en við hana er eign seld, eftir atvikum gegn vilja eigandans, og andvirðinu varið til fullnustu á skuldbindingu hans. Bæði er fjallað um nauðungarsölu á fasteignum og lausafé, um úthlutun uppboðsandvirðis og um ágreiningsmál vegna nauðungarsölu. Loks verður fjallað um meginreglur í skuldaskilarétti, en til hans heyra greiðslustöðvun, nauðsamningar og gjaldþrotaskipti. Fjallað verður um gjaldþrotaskiptabeidnir og heimildir skuldara og kröfuhafa til að krefjast gjaldþrotaskipta, úrskurði um gjaldþrotaskipti, skiptastjórn, ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskipta og um endurheimt verðmæta við gjaldþrot.

Lesefni: Endurheimt verðmæta við gjaldþrot. Viðar Már Matthíasson.

Aðfarargerðir. Markús Sigurbjörnsson.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, raunhæf verkefni og umræður um dóma og önnur afmörkuð viðfangsefni

Námsmat: Verkefni 40% og skriflegt lokapróf 60%. Lágmarkseinkunn á námskeiðinu er 5,0. Einnig þarf að ná 5,0 á skriflegu lokaprófi.

Tungumál: Íslenska

L-605-OPIN Opinbert réttarfar

3 ein./6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2008

Stig námsgreinar: Grunn nám, sérhæft námskeið

Tegund námskeiðs: Valnámskeið

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3 fyrirlestrar í viku.

Kennarar: Helgi Magnús Gunnarsson. Jón Helgi B Snorrason.
Sigurður Tómas Magnússon.

Námsmarkmið:

Stefnt er að því að nemendur:

- öðlist þekkingu og skilning á réttarskipan í sakamálum, skipulagi rannsóknar- og ákærvalds, meginreglum opinbers réttarfars, rannsókn opinberra mála hjá lögreglu, þar með talið þvingunarúrræðum og útgáfu ákæru
- öðlist þekkingu á meðferð opinberra mála fyrir dómi, kynnist beitingu máls- meðferðarreglna, sönnunarfærslu og sönnunarmati og samningu dóma í opinberum málum
- kynnist hlutverkum sækjanda, verjanda, réttargæslumanns og dómara við rekstur opinbers máls og réttarstöðu sakbornings og brotþola.

Lýsing: Fjallað verður um meginreglur opinbers réttarfars og tengslum þeirra við mannréttindaákvæði. Fjallað verður um lögreglurannsóknir, hin ýmsu þvingunarúrræði lögreglu við rannsókn mála, skýrslutökur af börnum, ákæru og meðferð opinberra mála fyrir dómi. Fjallað verður um almennar reglur um rekstur sakamála fyrir héraðsdómi, um sönnunargögn og sönnunarmat. Sérstaklega verður fjallað um útivistarmál, viðurlagaákvæðanir, játningarmál og mál sem sæta aðalmeðferð. Þá verður hugað að dómasamningu í sakamálum. Fjallað verður um réttarstöðu sakbornings og brotþola og vikið að hlutverki sækjanda, verjanda og réttargæslumanns við meðferð sakamála. Fjallað verður um einkaréttarkröfur í sakamálum, sakarkostnað og vikið að meginreglum um málskot til Hæstaréttar.

Lesefni: Þvingunarráðstafanir í þágu opinberra mála. Eiríkur Tómasson.

Réttarstaða sakbornings og verjanda. Eiríkur Tómasson.

Meginreglur opinbers réttarfars. Eiríkur Tómasson.

Lög um meðferð opinberra mála ásamt greinargerðum

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, raunhæf verkefni og umræður um dóma og afmörkuð viðfangsefni.

Námsmat: Verkefni 40% og skriflegt lokapróf 60%. Lágmarkseinkunn á námskeiðinu er 5,0. Einnig þarf að ná 5,0 á skriflegu lokaprófi.

Tungumál: Íslenska

L-606-KAUP Kauparéttur

3 ein./6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2008

Stig námsgreinar: Grunnám, sérhæft námskeið

Tegund námskeiðs: Valnámskeið

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3-4 fyrirlestrar í viku

Kennari: Jónas Þór Guðmundsson

Námsmarkmið:

Stefnt er að því að nemendur:

- kunni skil á og geti beitt reglum kaupalaga á raunhæf og fræðileg álitafæni er vakna kunna í tengslum við kaupsamninga, m.a. við mat á því hvort kaupsamningur teljist hafa verið vanefndur, hvaða úrræði standi þá til boða og hver séu skilyrði fyrir beitingu þeirra.

Lýsing: Á námskeiðinu verður fyrst og fremst fjallað um kaup í skilningi laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 og neytendakaup nr. 48/2003. Til samanburðar verður litið til helstu reglna um fasteignakaup samkvæmt lögum nr. 40/2002 og að nokkru til reglna um þjónustukaup samkvæmt lögum nr. 42/2000. Fjallað verður um hugtakið kaup og einstakar tegundir kaupa, skyldur sammingsaðila og þær reglur sem gilda um áhættuna af því er söluhlutur skemmist eða ferst eftir að kaupsamningur kemst á. Enn fremur verður farið ítarlega yfir reglur um vanefndir kaupsamninga og úrræði kaupanda og seljanda vegna vanefnda. Lögin um lausafjárkaup hafa víðtækt gildissvið og ná til margvíslegra verðmæta, bæði áþreifanlegra og óáþreifanlegra, svo sem almenns verslunarvarnings og framleiðsluvara, bifreiða, skipa og kröfuréttinda, t.d. samkvæmt verðbréfum. Þau gilda um alþjóðleg kaup með þeim sérreglum sem í lögnum felast. Lögin um lausafjárkaup hafa verulega þýðingu í viðskiptum og störfum flestra lögfræðinga. Á námskeiðinu verður lögð áhersla á að tengja námsefnið raunhæfum viðfangsefnum.

Lesefni: Lög um lausafjárkaup nr. 50/2000, lög um neytendakaup nr. 48/2003, lög um fasteignakaup nr. 40/2002 og lög um þjónustukaup nr. 42/2000, ásamt greinargerðum Kjepsrett til studiebruk. Erling Selvig.

Ýmsar greinar úr Tímariti lögfræðinga, Úlfhljóti og Tímariti Lögréttu.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar.

Námsmat: Skriflegt verkefni 30% og skriflegt lokapróf 70%. Lágmarkseinkunn á námskeiðinu er 5,0. Sérstaklega þarf einnig að ná þeirri einkunn á hinu skriflega lokaprófi.

Tungumál: Íslenska

L-607-FELR Fjármagnsfélög- hlutafélagaréttur

3 ein./6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2008

Stig námsgreinar: Grunn nám, sérhæft námskeið

Tegund námskeiðs: Valnámskeið

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3-4 fyrirlestrar í viku

Kennarar: Áslaug Björgvinsdóttir

Námsmarkmið:

Nemendur öðlist aukna þekkingu og skilning á reglum um fjármagnsfélög (hlutafélög og einkahlutafélög), og í úrlausn raunhæfra og fræðilegra álitafna um þau.

Lýsing: Um er að ræða framhaldsnámskeið í félagarétti. Í námskeiðinu kemur löggjöf um hlutafélög og einkahlutafélög til nánari skoðunar. Efni námskeiðsins er í meginráttum:

- Eðli fjármagnsfélaga, þróun löggjafar um þau og Evrópskur félagaréttur,
- hlutafé, hlutir, hlutabréf,
- viðskipti tengdra aðila,
- hlutafélagasamstæður,
- staða og ábyrgð stjórnenda, endurskoðenda og hluthafa,
- samruni, skipting og félagsslit.

Lesefni: Fjölrit.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og hópvinna í tímum

Námsmat: Verkefni 35% (25% hópverkefni og 10% hópverkefni) og munnlegt lokapróf 65%. Skil á verkefnum er skilyrði fyrir því að taka lokapróf í námskeiðinu. Lágmarkseinkunn í lokaprófi er 5,0.

Tungumál: Íslenska

L-608-UPPL Upplýsingatækniréttur

3 ein./6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2007

Stig námsgreinar: Grunnám, sérhæft námskeið

Tegund námskeiðs: Valnámskeið

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3-4 fyrirlestrar í viku

Kennarar: Jón Vilberg Guðjónsson. Rán Tryggvadóttir.

Námsmarkmið:

Stefnt er að því að nemendur:

- fái almennt yfirlit um gildandi réttarreglur sem varða upplýsingatækni og þau lögfræðilegu vandamál sem snerta upplýsingatækni og internetið.

Lýsing: Fyrst verður farið yfir hvernig mismunandi svið upplýsingatækni eru vernduð með hugverkaréttindum. Sérstök áhersla verður lögð á höfundarrétt, vernd forrita, gagnabanka, einkaleyfis- og auðkennavernd, þar undir sérstaklega um rétt til lénheita. Þá verður fjallað um eftirlitsþátt með upplýsingatækni, þ.m.t. persónuvernd, refsirétt og skaðabótaábyrgð. Einnig verður fjallað um samninga og framsal réttinda á sviði upplýsingatækni, rafræn skilríki og undirskriftir og öryggismál.

Lesefni: IT-retten. Mads Bryde Anderson.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar

Námsmat: Námsmat verður tvískipt. Annars vegar 30% einstaklingsverkefni og hins vegar munnlegt lokapróf sem gildir 70%. Ná verður lágmarkseinkunn í lokaprófi til að ná áfanganum. Einstaklingsverkefnið verður stutt ritgerð, miðað við hámark 3000 orð (fyrir utan heimildir og efnisyfirlit). Nemendur mega velja sér viðfangsefni úr kennsluáætlun námskeiðsins í samráði við kennara fyrir 15. febrúar. Skilafrestur er til 1. apríl. Síðan er gert ráð fyrir að hver kynni sitt verkefni eftir að því hefur verið skilað og kennari lesið það yfir.

Tungumál: Íslenska

L-610-VINN Vinnuréttur

3 ein./6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2008

Stig námsgreinar: Grunnám, sérhæft námskeið

Tegund námskeiðs: Valnámskeið

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3-4 tímar í viku, fyrirlestrar, verkefna- og umræðutímar

Kennarar: Hrafnhildur Stefánsdóttir, Oddný Mjöll Arnardóttir.

Námsmarkmið:

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist eftirfarandi þekkingu, hæfni og færni:

- Þekkingu á meginþáttum íslensks vinnuréttar og tengslum hans við stjórnskipan, mannréttindi og evrópurétt,
- þekkingu á helstu réttarreglum sem gilda um vinnumarkaðinn og réttindi og skyldur vinnuveitenda og starfsmanna,
- hæfni til að skilja eðli og tilgang réttarreglna vinnuréttar,
- færni í beitingu þeirra um raunhæf úrlausnarefni.

Lýsing: Námskeiðið vinnuréttur skiptist í tvo hluta, vinnumarkaðsrétt og ráðningarrétt. Vinnumarkaðsréttur fjallar um aðildarsamtök vinnumarkaðarins, kjarasamninga og kjaradeilur. Í ráðningarrétti er fjallað um réttindi og skyldur atvinnurekenda og launþega, s.s. stofnun og slit ráðningarsamninga o.fl. Í námskeiðinu verður m.a. fjallað um vinnulöggjöfina og tengsl hennar við stjórnskipan og mannréttindi, Félagsdóm, meginatriði evrópuréttar um vinnumarkaðinn og helstu réttindi og skyldur aðila ráðningarsambands.

Lesefni: Upplýsingavefur um réttindi og skyldur á vinnumarkaði á vef ASÍ ofl.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnavinna og umræðutímar.

Námsmat: 75% skriflegt próf og 25% raunhæft verkefni. Lágmarkseinkunn á námskeiðinu er 5,0. Einnig þarf að ná 5,0 á skriflegu lokaprófi.

Tungumál: Íslenska

L-612-FREN Lagafranska

3 ein./6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2008

Stig námsgreinar: Grunnám, sérhæft námskeið

Tegund námskeiðs: Valnámskeið

Undanfarar: Engir

Skipulag: Þrjár kennslustundir á viku

Kennari: Svala Ísfeld Ólafsdóttir

Námsmarkmið:

Að þjálfra og auka skilning nemenda á frönsku lagamáli. Áherslan verður fyrst og fremst lögð á lesskilning, en jafnframt leitast við að þjálfra skilning þeirra á talmáli og til að setja saman texta á frönsku. Stefnt er að því að nemendur búi að loknu námskeiðinu yfir þjálfun og þekkingu sem geri þeim kleift að lesa sér til gagns lögfræðilega texta á frönsku.

Lýsing: Kennslan felst aðallega í því að leggja fyrir nemendur texta á frönsku sem lesnir verða fyrir tímana og síðan fjallað um efni þeirra og lögfræðihugtök sem þar koma fyrir. Í þessu skyni verða m.a. valdir textar úr lögfræðiritum á frönsku og dómar frá Mannréttindadómstól Evrópu og Evrópudómstólum.

Lesefni: Français.com. CLE International. Paris 2002 (un livre de l'élève + cahier d'exercices)

Dictionnaire du Vocabulaire juridique. Éditions du Juris-Classeur 2004.

francais.com

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar.

Námsmat: Námsmat byggist á þátttöku nemenda í tímum og verkefnum sem þeim er ætlað að standa skil á. Í lok námskeiðs verður próf sem gildir 50% lokaekunn.

Tungumál: Íslenska/Franska

L-611 BARIT BA-ritgerð

6 ein. [ECTS:12]

Sérstakt BA-verkefni getur komið í stað tveggja valgreina. Verkefnið skal veða 6 einingar og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Fjalla um lögfræðilegt viðfangsefni eða viðfangsefni sem tekur til lögfræðilegra álitaefna auk álitaefna á öðrum fræðasviðum og sem tilefni er til að fjalla um á þeim tíma sem ritgerðin er skrifuð.
- Fela í sér fræðilega notkun frumheimilda og afleiddra heimilda eftir því sem viðfangsefni ritgerðarinnar gefur tilefni til.
- Uppfylla þau markmið sem nemandinn hefur sett sér áður en vinnan hófst og leiðbeinandi hefur fallist á. Markmiðin skulu koma skýrt fram í inngangi ritgerðarinnar.

- Efnistökin skulu vera með þeim hætti að ljóst sé að ekki liggi færri en 240 vinnustundir að baki ritgerðinni.
- Lengd ritgerðarinnar skal vera á bilinu 40-50 blaðsíður.

Verklagsreglur um BA ritgröð má finna á heimasíðu lagadeildar.

Um námsmat og einkunnagjöf

Um námsmat og einkunnagjöf við lagadeild fer samkvæmt reglum HR um próf og einkunnir. Lágmarkseinkunn í aðferðafræði (námskeið L-101/L-700) er 6 og þurfa nemendur að ná lágmarkseinkunn 6 að meðaltali úr verkefni (ritgerð) og skriflegu miðannarprófi til að heimilt sé að gangast undir munnlegt lokapróf. Einkunnin 6 er jafnframt lágmarkseinkunn í munnlegu lokaprófi.

Í greinum þar sem lokapróf, hvort sem það er munnlegt eða skriflegt, er hluti námsmats skulu aðrir námsþættir því aðeins metnir inn í lokaekunn, að stúdent hafi hlotið tilgreinda lágmarkseinkunn á lokaprófi. Ná stúdent ekki tilgreindri einkunn á lokaprófi getur hann ekki nýtt sér einkunnir sem hann hefur fengið fyrir aðra námsþætti þótt hann endurtaki námskeiðið síðar nema kennari ákveði annað.

Um námsmat og einkunnagjöf í meistaranámi fer eftir reglum sem finna má á heimasíðu deildarinnar og í sérstökum bæklingi um meistaranámið.

Reglur um prófgögn í lagadeild

1. gr.

Umsjónarkennari námskeiðs ákveður hvort og hvaða gögn nemendum er heimilt að hafa með sér í próf.

2. gr.

Sé ekki annað ákveðið samkvæmt 1. gr. er nemendum heimilt að hafa eftirtalin gögn meðferðis í próf:

1. Gildandi lagasafn, útgefið af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.
2. A- og C-deildir Stjórnartíðinda.
3. Safn alþjóðasamninga og gerða ESB samkvæmt nánari ákvörðun kennara.
4. Útprentanir laga af Netinu sem skrá af gerðinni PDF og prentaðar í tveimur dálkum. Reglugerðir skulu vera prentaðar sem HTML skjöl af heimasíðu Stjórnartíðinda eða af réttarheimild.is. Deildin getur ákveðið að útprentanir séu stimplaðar og áritaðar af lagadeild.

3. gr.

Í gögnum sem greinir í 2. gr. eru heimilar einfaldar undirstrikanir og yfirstrikanir ásamt leiðréttingum á lagatexta. Leiðréttingar greini einvörðungu tilvísanir til númers og

heitis nýrra laga. Annars konar tákni eða merkingar, þar með talið límmiða, er óheimilt að nota.

4. gr.

Um brot og viðurlög við brotum á reglum þessum er vísað í almennar náms- og prófa-reglur HR, grein 4.5.

Framvindureglur í lagadeild

Almennt um framvindu náms í BA-námi

BA-nám í lögfræði er samtals 90 einingar og skiptist það á þrjú ár (fyrsta, annað og þriðja námsár). Almennt er gert ráð fyrir að nemandi ljúki 15 einingum á önn eða 30 á ári, miðað við eðlilega námsframvindu. Nemandi er heimilt að innritast á annað námsár í lagadeild, hafi hann lokið a.m.k. 24 einingum af námsefni fyrsta árs, með meðaleinkunn 6 eða hærrí. Til að hefja nám á þriðja ári þarf nemandi að hafa lokið a.m.k. 48 einingum á fyrsta og öðru námsári, með meðaleinkunn 6 eða hærrí. Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 45 einingum í síðasta lagi tveimur árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsári. Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 63 einingum þremur árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsári. Nemandi skal hafa lokið BA-prófi í síðasta lagi fjórum árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsári.

Hámarksfjöldi eininga sem nemandi getur tekið

Nemandi getur skráð sig í 18 einingar að hámarki. Ef nemandi óskar þess að vera í fleiri en 18 einingum þarf viðkomandi að sækja um leyfi hjá deildarfulltrúa.

Endurinnritun

Ljúki nemandi einingum við lagadeild en uppfylli ekki framangreind lágmarksskilyrði um námsframvindu, fellur réttur hans til frekara náms við deildina niður. Nemandi getur þó sótt um endurinnritun í deildina. Sé honum veitt slík heimild heldur hann, óski hann þess, þeim námskeiðum/einingum sem hann hefur lokið með einkunn 6 eða hærrí. Þessi réttur fynnist á 6 árum frá lokum þeirrar annar sem námskeiðið var tekið á.

Hlutanám

Nemandi sem hyggst ekki stunda fullt nám við lagadeild, getur sótt um að vera skráður í hlutanám við deildina. Umsókn um hlutanám þarf að berast lagadeild a.m.k. 3 vikum fyrir upphaf skólaárs. Heimild til hlutanáms er háð því að gildar ástæður séu fyrir umsókninni og veigamikil rök fyrir því að veita slíka undanþágu frá almennum framvindureglum. Heimild til hlutanáms má aðeins veita eitt ár í senn eða til skemmri tíma. Heimild til hlutanáms má veita með skilyrðum m.a. um námsframvindu.

Námshlé

Nemandi getur sótt um til lagaeildar að gera hlé á námi sínu. Beiðnin skal studd fullnægjandi gögnum er sýni að gildar ástæður séu fyrir beiðninni. Meðal þeirra ástæðna

sem réttlætt geta námshlé eru t.d. barnsburður eða veikindi. Leyfi til námshlés má veita með skilyrðum.

Undanþágur

Lagadeild getur veitt frekari undanþágur frá framvindureglum ef ríkar ástæður eru til að mati deildarinnar.

Reglur um mat á fyrra námi vegna grunnnáms (BA) í lagadeild:

1. Nemandi sem óskar mats á fyrra námi vegna námskeiðs eða námskeiða í lagadeild þarf að sækja um slíkt mat fyrir 15. september vegna haustannar og 15. janúar vegna vorannar. Umsókn skal vera skrifleg og studd fullnægjandi gögn um það nám sem óskast metið, þ.e. nákvæmri námslýsingu og staðfestu prófskírteini.
2. Til að nám fái metið þarf það að inntaki og umfangi að standast fyllilega sam-
anburð við það námskeið sem óskað er mats á. Eingöngu nám á háskólastigi kemur til álita í þessum efnum.
3. Það er almennt skilyrði þess að námskeið í lagadeild fái metið að ekki séu liðin meira en 5 ár frá lokum þess náms sem óskað er mats á og umsækjandi hafi staðist þær lágmarkskröfur sem gerðar voru til einkunnar í því námi enda séu þær ekki minni en einkunnakröfur við lagadeild HR.
4. Ákvörðun um hvort fyrra nám skuli metið er í höndum námsmatsnefndar sem deildarfundur skipar. Nefndin skiptir með sér störfum. Niðurstöður nefndarinnar má bera undir deildarfund.

Gögn sem þurfa að fylgja með umsókn um mat á fyrra námi:

- Umsóknin sjálf (prentuð út af Netinu).
- Staðfest afrit af einkunnum frá viðkomandi háskóla.
- Námskeiðslýsingar frá viðkomandi háskóla (þær þurfa að vera frá því ári sem námskeiðin eru tekin).

Forsetalisti

Þeir nemendur sem ná bestum árangri í grunnnámi á hverju próftímabili eiga kost á að komast á forsetalista lagadeildar og fá skólagjöld næstu annar niðurfelld.

Til þess að vera gjaldgengir á forsetalista þurfa nemendur í dagskóla að ljúka að minnsta kosti 15 einingum. Eingöngu námskeið sem nemendur ljúka á hefðbundnu próftímabili, eða fyrir þann tíma, eru gjaldgeng á forsetalista. Í útreikningi á meðaleinkunn gilda eingöngu próf sem tekin eru í fyrsta sinn í tilteknu námskeiði, m.ö.o. endurtektarpróf gilda ekki en sjúkrapróf gilda.

Miðað er við að um 3% nemenda komist á forsetalista hverju sinni.